

7. september 2018

## Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2018

Quarterly national accounts, 2<sup>nd</sup> quarter 2018

Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi  
var 7,2%

Landsframleiðslan á öðrum ársfjórðungi 2018 jókst að raungildi um 7,2% frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 6,6%. Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla jókst að raungildi um 1,8% frá 1. ársfjórðungi 2018.

Landsframleiðslan á fyrstu sex mánuðum ársins 2018 jókst um 6,4% að raungildi borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2017. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 6,2%. Einkaneysla jókst um 5,3%, samneysla um 3,1% og fjárfesting um 7,6%. Útflutningur jókst um 4,5% og innflutningur um 4,1%.

**Tafla 1. Yfirlit**  
Table 1. Overview


	Verðlag ársins, millj. kr. Current prices, million ISK	Magnbreyting frá fyrra ári, % Volume change from previous year, %		Magnbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <sup>1</sup> Volume change from previous quarter, % <sup>1</sup>	
		2. ársfj. 2 <sup>nd</sup> quarter		1. ársfj. 1 <sup>st</sup> quarter	2. ársfj. 2 <sup>nd</sup> quarter
		2. ársfj. 2 <sup>nd</sup> quarter	2. ársfj. 2 <sup>nd</sup> quarter	1 <sup>st</sup> - 2 <sup>th</sup> quarter	1 <sup>st</sup> quarter
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	363 234	5,1	5,3	1,2	1,6
Samneysla <i>Government final consumption</i>	162 836	2,8	3,1	1,0	0,5
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	168 791	7,5	7,6	-0,5	7,5
Birgðabreytingar <sup>2</sup> <i>Changes in inventories<sup>2</sup></i>	-2 639	1,2	...	...	...
<b>Þjóðarútgjöld alls</b> <i>Gross domestic final expenditure</i>	<b>692 222</b>	<b>6,6</b>	<b>6,2</b>	<b>0,7</b>	<b>3,6</b>
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	328 282	0,8	4,5	-2,3	-0,4
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-323 124	-0,4	4,1	-3,3	3,3
<b>Verg landsframleiðsla GDP</b>	<b>697 381</b>	<b>7,2</b>	<b>6,4</b>	<b>1,0</b>	<b>1,8</b>

<sup>1</sup> Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

<sup>2</sup> Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

### Mynd 1. Landsframleiðsla, magnbreyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2018. Preliminary figures 2016–2018.

#### Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur og eru breytingarnar raunbreytingar.

### Mynd 2. Ársfjórðungsleg magnbreyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2018. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2016–2018. Change from the previous quarter.

#### Einkaneysla eykst

Einkaneysla fyrstu sex mánuði ársins 2018 jókst um 5,3% samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2017. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst einkaneysla um 5,1% á öðrum ársfjórðungi. Frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórðungs 2018 jókst einkaneysla um 1,6%.

#### Samneysla eykst

Samneysla fyrstu sex mánuði ársins 2018 jókst um 3,1% borið saman við sama tímabil árið áður. Frá sama ársfjórðungi árið áður jókst samneysla um 2,8% en

árstíðaleiðrétt aukning samneyslunnar nam 0,5% frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórðungs 2018. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2018 verða birtar í Hagtíðindum 14. september 2018.

*Fjárfesting eykst*

Fjárfesting fyrstu sex mánuði ársins 2018 jókst um 7,6% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2017. Vöxtinn má að mestu rekja til íbúðafjárfestingar sem jókst um 24,2%. Á sama tíma jókst fjárfesting atvinnuveganna um 5,6% og fjárfesting hins opinbera um 0,2%.

Miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst fjárfesting um 7,5%. Þar af jókst fjárfesting atvinnuveganna um 6%, íbúðafjárfesting um 18,9% og fjárfesting hins opinbera um 4,4%.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskiptin. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 6% og fjárfesting alls um 7,6% borið saman við sama ársfjórðung árið á undan.

Fjárfesting jókst um 7,5% á 2. ársfjórðungi 2018 borið saman við 1. ársfjórðung 2018. Þar af jókst fjárfesting atvinnuveganna um 10,8% og fjárfesting hins opinbera um 3,4%. Hinsvegar dróst íbúðafjárfesting saman um 0,8%.

*Útflutningur eykst umfram innflutning*

Útflutningur fyrstu sex mánuði ársins 2018 jókst um 4,5% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2017. Þar af jókst vöruútflutningur um 6,1% og þjónustu-útflutningur um 3,1%. Á sama tíma jókst innflutningur um 4,1%. Þar af jókst þjónustuinnflutningur um 12,8% á meðan vöruinnflutningur dróst saman um 1%.

*Minni afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum*

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 12,8 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2018 sem lægri fjárhæð en á sama tímabili í fyrra (23,2 milljarðar króna á verðlagi þess árs).

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á 2. ársfjórðungi 2018 var 5,2 milljarðar króna. Þar af var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 49,8 milljarða króna. Vöruútflutningur nam 152,5 milljörðum króna og vöruinnflutningur nam 202,4 milljörðum króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuður jákvæður um 55 milljarða. Útflutningur á þjónustu nam 175,7 milljörðum króna og innflutningur á þjónustu nam 120,8 milljörðum króna.

*Landsframleiðsla eykst umfram þjóðarútgjöld*

Þjóðarútgjöld fyrstu sex mánuði ársins 2018 jukust um 6,2% borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2017, meðan landsframleiðsla jókst um 6,4% á sama tíma.

Sé miðað við sama ársfjórðung fyrra árs jókst útflutningur á öðrum ársfjórðungi um 0,8% á meðan innflutningur dróst saman um 0,4%. Landsframleiðslan jókst um 7,2% samanborið við 6,6% aukningu þjóðarútgjalda en meiri vöxtur landsframleiðslunnar en þjóðarútgjaldanna skýrist af jákvæðum áhrifum utanríkisviðskipta á hagvöxtinn.


Frá 1. ársfjórðungi til 2. ársfjórðungs 2018 jukust árstíðaleiðrétt þjóðarútgjöld um 3,6% en landsframleiðsla um 1,8%.

Hlutdeild einstakra liða í  
hagvexti

Helstu drifkraftar hagvaxtar milli 2. ársfjórðungs 2017 og 2018 eru einkaneysla og fjármunamyndun. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

### Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contributions to growth by expenditure items




Skýring Note: Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Preliminary figures. Change over same quarter, previous year.

Hagþróun erlendis

Árstíðaleiðrétt ársbreyting landsframleiðslunnar á 2. ársfjórðungi á Íslandi var 6,9% samanborið við 3,3% í Svíþjóð, 2,9% í Bandaríkjunum, 2,8% í Finnlandi og Hollandi, 1,9% í Þýskalandi, 1,7% í Frakklandi, 1,5% í Noregi og 1,0% í Japan. Danmörk rak lestina með 0,6% hagvöxt.

### Mynd 4. Árstíðaleiðréttur ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2018. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Preliminary figures 2016–2018. Change over same quarter, previous year.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

*Árstíðaleiðrétting* Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir (einkaneysla, samneysla o.s.frv.) árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Niðurstöður fyrir árin 2016–2018 eru bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir. Slíkar breytingar hafa að sjálfsögðu einnig áhrif á árstíðaleiðrétta niðurstöðurnar.

*Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum*

Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu má finna á [vef Hagstofunnar](#). Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

*Tölur um hagvöxt endurskoðaðar aftur til 1997*

Í hagtíðindahefti þjóðhagsreikninga sem birt var í júní síðastliðnum var tilkynnt um fyrirhugaða endurskoðun á áður birtum tölum aftur til ársins 1997. Endurskoðuðin nær meðal annars til nokkurra undirliða í einkaneyslu sem hafa verið uppfærðir til samræmis við ný gögn. Auk fleiri liða voru útgjöld vegna lyfja tekin til endurskoðunar til samræmis við endanlegar tölur frá Sjúkratryggingum fyrir árið 2017 og ólögleg starfsemi var uppfærð aftur til ársins 2010. Stærsti einstaki liðurinn sem tekin var til endurskoðunar í einkaneyslu er húsnæðisliðurinn en hann var endurskoðaður aftur til ársins 2009. Um er að ræða reglubundna endurskoðun sem fram fer þegar fyrir liggja gögn um leiguverð húsnæðis samkvæmt niðurstöðum lífshjúðarannsóknar. Fjárfesting var endurskoðuð aftur til ársins 1997. Meginbreytingin felst í því að rekstrarfjármunir sem áður voru gjaldfærðir eru nú eignfærðir að hluta til samræmis við alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðla. Afskriftir hins opinbera voru einnig endurskoðaðar aftur til ársins 1998 til samræmis við endurbætta aðferðafræði.

*Tölur um 3. ársfjórðung 2018 verða birtar í desember*

Tölur um landsframleiðsluna á 3. ársfjórðungi 2018 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 7. desember 2018.

## English summary

In real terms, non-seasonally adjusted Gross Domestic Product (GDP) for the first two quarters of 2018 increased by 6.4% compared with the same period of 2017. Total domestic final expenditure increased by 6.2%. Household final consumption increased by 5.3%, government final consumption by 3.1% and gross fixed capital formation by 7.6%. At the same time exports grew by 4.5% and imports grew by 4.1%.

Non-seasonally adjusted figures indicate a year over year increase in real GDP by 7.2% for the 2<sup>nd</sup> quarter of 2018. Total domestic expenditure increased by 6.6%. Household final consumption increased by 5.1%, government final consumption by 2.8% and gross fixed capital formation by 7.5%. At the same time exports grew by 0.8% while imports declined by 0.4%.

Seasonally adjusted real GDP in the 2<sup>nd</sup> quarter of 2018 increased by 1.8% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 3.6%. Household final consumption increased by 1.6%, government final consumption by 0.5% and gross fixed capital formation by 7.5%. Exports decreased by 0.4% and imports increased by 3.3% in the 2<sup>nd</sup> quarter of 2018 as compared with the 1<sup>st</sup> quarter of 2018.

*Revisions of previous  
years' results*

Revisions based on better source data and improved methods have been made, affecting the national accounts results for previous years. Gross fixed capital formation (GFCF) figures have been revised back to 1997 and consumption of fixed capital of general government was revised back to 1998 in accordance with improved methodology. In household final consumption expenditure, the largest single item revised is the housing component, which has been revised back to 2009 based on new data on housing rental prices.

National accounts for the 3<sup>rd</sup> quarter of 2018 will be published on the 7<sup>th</sup> of December 2018.

**Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2014–2018***Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2014–2018*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govvern. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Verðlag hvers árs, milljónir króna</b>								
<i>Million ISK at current prices</i>								
<b>2014</b>	<b>1 093 250</b>	<b>496 326</b>	<b>356 531</b>	<b>2 045</b>	<b>1 948 152</b>	<b>1 068 320</b>	<b>-942 907</b>	<b>2 073 565</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	255 152	118 433	82 837	287	456 709	221 535	-209 681	468 563
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	275 031	124 806	80 262	2 046	482 144	254 705	-236 229	500 620
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	267 539	122 979	101 434	-2 309	489 642	325 779	-257 323	558 098
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	295 529	130 107	91 998	2 022	519 656	266 301	-239 673	546 284
<b>2015</b>	<b>1 146 570</b>	<b>535 266</b>	<b>439 023</b>	<b>3 489</b>	<b>2 124 348</b>	<b>1 188 374</b>	<b>-1 024 702</b>	<b>2 288 020</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	266 411	126 427	101 371	15 245	509 454	262 587	-236 456	535 586
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	288 835	131 023	105 740	-3 652	521 946	319 940	-271 452	570 434
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	278 371	131 425	108 889	-1 374	517 311	338 631	-257 182	598 760
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	312 953	146 391	123 023	-6 730	575 636	267 216	-259 612	583 240
<b>2016<sup>1</sup></b>	<b>1 235 920</b>	<b>570 588</b>	<b>537 736</b>	<b>2 926</b>	<b>2 347 170</b>	<b>1 186 616</b>	<b>-1 031 051</b>	<b>2 502 735</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	288 749	135 432	122 716	14 359	561 257	244 112	-241 964	563 405
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	315 859	142 135	139 504	-8 660	588 839	303 542	-278 501	613 880
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	296 753	140 804	132 675	2 847	573 079	365 371	-264 988	673 462
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	334 558	152 216	142 842	-5 620	623 995	273 590	-245 598	651 988
<b>2017<sup>1</sup></b>	<b>1 315 669</b>	<b>609 955</b>	<b>582 032</b>	<b>754</b>	<b>2 508 410</b>	<b>1 206 292</b>	<b>-1 099 482</b>	<b>2 615 220</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	306 699	145 552	127 306	7 537	587 094	238 411	-229 863	595 642
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	335 716	152 069	146 378	-10 464	623 698	302 207	-287 505	638 400
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	314 883	149 646	154 815	11 869	631 213	356 223	-286 863	700 573
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	358 371	162 688	153 533	-8 188	666 404	309 450	-295 250	680 605
<b>2018<sup>1</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	327 234	156 141	146 741	10 444	640 560	273 552	-265 927	648 185
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	363 234	162 836	168 791	-2 639	692 222	328 282	-323 124	697 381
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...	...
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2014–2018**

Table 3. Quarterly Gross Domestic Product volume changes 2014–2018

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <sup>1</sup> <i>Changes in inventory<sup>1</sup></i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raubreytingar frá sama tímabili árið áður, %</b>								
<i>Volume changes on the same quarter of the previous year, %</i>								
<b>2014</b>	<b>3,2</b>	<b>1,3</b>	<b>15,9</b>	<b>0,4</b>	<b>5,3</b>	<b>3,2</b>	<b>9,8</b>	<b>2,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,2	1,1	20,5	-2,9	1,8	3,6	11,0	-1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,1	1,0	-2,2	1,3	3,3	5,0	6,9	2,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,5	1,9	32,7	0,7	8,2	6,3	14,1	3,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,9	1,3	14,4	2,3	7,7	-2,6	7,2	2,6
<b>2015</b>	<b>4,5</b>	<b>1,1</b>	<b>19,7</b>	<b>0,0</b>	<b>6,4</b>	<b>9,1</b>	<b>13,8</b>	<b>4,5</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,8	1,0	19,3	3,1	9,0	4,9	14,3	4,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,3	0,6	27,1	-1,0	6,0	16,4	15,4	7,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,9	-0,3	4,1	0,0	2,9	4,8	5,5	2,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,0	2,9	31,0	-1,7	7,9	10,9	20,6	3,7
<b>2016<sup>2</sup></b>	<b>7,2</b>	<b>1,9</b>	<b>21,7</b>	<b>-0,1</b>	<b>8,8</b>	<b>10,9</b>	<b>14,5</b>	<b>7,4</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,1	1,7	21,8	-0,1	8,3	6,3	15,7	4,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	7,9	1,9	30,1	-0,9	9,8	5,7	16,9	4,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,1	3,1	20,1	0,8	9,3	17,3	17,7	10,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,5	1,0	15,9	-0,0	7,8	12,9	8,2	10,3
<b>2017<sup>2</sup></b>	<b>7,9</b>	<b>3,1</b>	<b>9,5</b>	<b>-0,1</b>	<b>7,0</b>	<b>5,5</b>	<b>12,5</b>	<b>4,0</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,3	2,9	5,7	-1,1	4,4	6,1	3,7	6,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	9,8	3,3	10,2	-0,5	7,9	8,6	16,7	4,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	8,1	3,1	18,1	1,7	11,1	0,4	13,0	3,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,6	3,1	4,1	-0,7	4,7	8,0	15,6	2,0
<b>2018<sup>2</sup></b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	5,6	3,3	7,8	0,3	5,7	9,3	9,9	5,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,1	2,8	7,5	1,2	6,6	0,8	-0,4	7,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...	...
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...	...

<sup>1</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*



**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting á landsframleiðslu 2014–2018, árstíðaleiðrétt**Table 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2014–2018*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá fyrri ársfjórðungi, %</b>							
<i>Percentage change on the previous quarter</i>							
<b>2014</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,0	0,9	8,2	1,5	-2,6	4,2	-1,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,1	0,3	-7,8	1,0	-2,5	0,2	-0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,8	0,6	27,6	4,4	8,8	7,9	5,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	-0,6	-10,5	-0,5	-5,0	-5,0	-0,8
<b>2015</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,0	0,6	12,6	2,3	5,0	11,1	-0,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,1	0,1	-2,0	0,0	7,0	1,1	3,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,8	-0,1	6,4	1,6	-3,2	-1,2	0,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,9	2,0	12,1	4,3	2,3	9,1	0,9
<b>2016<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,0	-0,4	4,4	2,2	1,6	6,3	0,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,3	0,5	4,2	1,8	6,0	2,0	3,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,5	0,9	-1,0	0,4	5,9	-0,5	3,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,8	0,3	7,9	3,3	-1,2	0,4	2,2
<b>2017<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,9	1,0	-4,1	0,6	-2,9	1,9	-1,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,7	1,0	7,7	2,1	6,6	14,4	-0,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	0,7	5,3	4,1	-3,3	-3,6	3,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,3	0,6	-4,5	-1,8	7,2	3,7	-0,0
<b>2018<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	1,0	-0,5	0,7	-2,3	-3,3	1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,6	0,5	7,5	3,6	-0,4	3,3	1,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2014–2018**

Table 5. Contribution to growth 2014–2018

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Hlutdeild í hagvexti frá fyrri ársfjórðungi, %</b>							
<i>% points contributions to growth in GDP from previous quarter</i>							
<b>2014</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,3	0,7	1,3	-0,4	-4,4	-0,4	-1,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	0,1	-1,4	1,5	-1,3	-0,1	-0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,5	0,1	4,5	-0,8	4,7	-3,9	5,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,4	-0,1	-2,1	1,2	-2,8	2,5	-0,8
<b>2015</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,1	0,1	1,6	-0,6	0,1	-1,2	-0,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	0,0	-0,4	-0,2	3,7	-0,6	3,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,9	-0,0	1,2	-0,5	-1,8	0,6	0,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	0,4	2,3	0,3	1,2	-4,4	0,9
<b>2016<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-1,6	0,1	0,4	0,3	-1,0	2,0	0,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,7	0,1	0,9	0,0	3,2	-1,0	3,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	0,2	-0,2	-0,4	3,2	0,3	3,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,4	0,3	1,7	-0,3	-0,6	-0,2	2,2
<b>2017<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,3	0,8	-1,2	0,4	-7,6	5,6	-1,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,4	0,2	1,6	-1,2	3,1	-5,9	-0,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,4	0,2	1,2	2,1	-1,7	1,7	3,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,7	0,1	-1,1	-1,4	3,3	-1,6	-0,0
<b>2018<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,4	0,9	-0,5	–	-2,3	3,1	1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,8	0,1	1,6	0,9	-0,2	-1,4	1,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...

**Skýring** Note: Míðað er við árstíðaleiðréttar tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2014–2018, árstíðaleiðrétt**  
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2014–2018*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raubreyting frá sama tímabili árið áður, %</b> <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
<b>2014</b>	<b>3,2</b>	<b>1,3</b>	<b>15,9</b>	<b>5,3</b>	<b>3,2</b>	<b>9,8</b>	<b>2,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	0,9	19,6	3,8	4,7	11,3	1,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,7	1,0	-1,8	2,2	5,3	6,9	1,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,2	2,1	33,3	8,5	4,7	14,0	3,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,8	1,3	13,9	6,6	-1,7	7,0	1,6
<b>2015</b>	<b>4,5</b>	<b>1,1</b>	<b>19,7</b>	<b>6,4</b>	<b>9,1</b>	<b>13,8</b>	<b>4,5</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,8	0,9	18,6	7,4	5,9	14,1	3,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,7	0,7	26,0	6,4	16,3	15,1	7,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	4,7	0,0	5,1	3,5	3,4	5,4	2,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	5,9	2,5	31,6	8,5	11,3	21,0	4,4
<b>2016<sup>1</sup></b>	<b>7,2</b>	<b>1,9</b>	<b>21,7</b>	<b>8,8</b>	<b>10,9</b>	<b>14,5</b>	<b>7,4</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,0	1,6	21,9	8,3	7,7	15,8	4,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	7,2	1,9	29,6	10,2	6,7	16,8	5,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,8	2,9	20,6	8,9	16,6	17,6	8,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,7	1,3	16,1	7,8	12,7	8,3	10,2
<b>2017<sup>1</sup></b>	<b>7,9</b>	<b>3,1</b>	<b>9,5</b>	<b>7,0</b>	<b>5,5</b>	<b>12,5</b>	<b>4,0</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,6	2,8	6,7	6,2	7,7	3,8	8,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	9,1	3,3	10,3	6,4	8,3	16,5	3,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	8,3	3,0	17,4	10,4	-1,1	12,8	3,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,7	3,3	3,9	5,0	7,3	16,6	1,3
<b>2018<sup>1</sup></b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,0	3,2	7,8	5,1	8,0	10,6	4,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,9	2,8	7,7	6,7	0,8	-0,1	6,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Hagtíðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** ***National accounts***

103. árg. • 22. tbl.

ISSN 1670-4770

7. september 2018 [Leiðrétt útgáfa 14. september 2018 Corrected 14 September 2018]

Umsjón *Supervision* Jón Ævarr Sigurbjörnsson • jon.sigurbjornsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) [www.statice.is](http://www.statice.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*